

STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 1995

20. desember 1995

1657

Nr. 641

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

3. mgr. 1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þá er og heimilt að stunda veiðar tilgreindan tíma á eftirgreindum svæðum:

A. Frá og með 15. janúar til og með 15. apríl á svæði á „Mehlsack“ sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°26'77 N - 25°23'25 V

4. 63°19'00 N - 25°32'00 V

2. 63°06'50 N - 24°44'30 V

5. 63°21'95 N - 25°39'65 V

3. 63°03'36 N - 24°55'51 V

B. Frá og með 1. september til og með 31. maí á svæði á austanverðri Jökultungu, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°10'00 N - 25°37'00 V

4. 63°50'00 N - 26°09'00 V

2. 64°00'50 N - 26°08'00 V

5. 63°50'00 N - 25°40'00 V

3. 63°53'00 N - 26°13'00 V

6. 63°53'00 N - 25°07'00 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi 21. desember 1995. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 610, 30. nóvember 1995, um breyting á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1995.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.